



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/2299*  
*komudagur 21.4.2008*

Reykjavík, 18. apríl 2008  
Tilvísun: 200802-0038

## Uppkast

**Efni: Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, frumvarp til laga um mannvirki svo og frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, mál 374-376.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til skipulagslaga, frumvarp til laga um mannvirki svo og frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, mál 374-376.

Í hnotskurn ganga frumvörpin út á að skilið verði á milli stjórnarsýslu skipulagsmála og byggingamála. Einnig eru í frumvörpunum margvísleg ákvæði sem ætlað er að gera á stjórnarsýslu hvors málaflokks skilvirkari.

## Almennt

Alþýðusambandið fagnar þeirri viðleitni sem fram kemur í frumvörpunum að gera stjórnarsýslu skipulags- og byggingamála skilvirkari. Hvað varðar úthlutun framkvæmda- og byggingaleyfa vill ASÍ að meðal skilyrða fyrir leyfi sé að fyrir liggja áætlun um hvernig megi tryggja að reglur um réttindi launafólks, laun og vinnuvernd verði uppfylltar. ASÍ tekur ekki afstöðu til áforma um að skilja á milli stjórnarsýslu skipulagsmála og byggingamála svo framarlega sem ákvörðunin er byggð á faglegum sjónarmiðum og að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila.

## Um frumvarp til skipulagslaga

Í opinberum skipulagsáætlunum kemur fram stefna stjórnvalda hvað varðar þróun helstu grunnstoða atvinnulífsins. ASÍ er þeirrar skoðunar að slík stefnumótun þurfi að vera heildstæð, horfa til langs tíma og taka mið af ólíkum sjónarmiðum hagsmunaaðila um aðgang, öryggi og gæði svo og um sjálfbæra nýtingu takmarkaðra gæða. Í þessu ljósi fagnar sambandið þeirri áherslu sem frumvarpið leggur á samráð og gagnsætt ferli skipulagsvinnu.

ASÍ telur að það horfi til bóta að samræma opinberar skipulagsáætlanir í gegnum svokallaða „landsskipulagsáætlun“. Sambandið vill samt benda á að þar sem gert er ráð fyrir að landsskipulagsáætlunin sé rétthærri en aðrar skipulagsáætlanir þá er líklegt að upp muni koma ágreiningur milli landsstjórnar annars vegar og ýmissa hagsmunaaðila hins vegar um það

hvað langt landsskipulagið á að ná inn á önnur skipulagssvið, þ.e. um samspil þess við svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag svo og við byggðaaætlun, samgöngu- og fjarskiptaáætlun, náttúruverndaráætlun o.s.frv. Það er því sérstaklega mikilvægt að tryggja það að rödd þeirra er landsskipulagsáætlunin hefur áhrif á í hverju tilviki fái að heyrast í gegnum virkt samráðsferli. ASÍ telur að hér sé einmitt pottur brotinn í frumvarpinu þar sem ekki er gerð sama krafa um opið ferli við gerð landsskipulagsáætlunar og við aðra áætlanagerð, t.d. er ekki gerð krafa um að tekin sé saman lýsing á skipulagsverkefnum né heldur um að þau séu kynnt fyrir almenningi á opnum fundum.

### **Um frumvarp um mannvirki**

ASÍ fagnar því að í frumvarpinu um mannvirki er lögð áhersla á að skýra hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem koma að mannvirkjagerð, þ.e. eigenda mannvirkis, hönnuðar, byggingastjóra og iðnmeistara. Einnig ber að fagna því að byggingarstjóra skuli vera ætlað að framkvæma innra eftirlit en geti ekki samhliða verið hönnuður eða iðnmeistari verks. Það að afnema tryggingarskyldu byggingarstjóra gæti orkað tvímælis, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að þessum aðilum verði áfram heimilt að kaupa tryggingu. Þarna er verið að bjóða hættunni heim á enn frekari vanhöldum á gæðum mannvirkja en nú er reyndin.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bygginganefndir verði lagaðar niður og að aðkoma sveitastjórna að stjórnýslu byggingamála verði aðeins í formi þess að ráða byggingafulltrúa sem síðan muni sinna útgáfu byggingaleyfa og eftirliti. Rökin sem færð eru fyrir þessu eru þau að byggingamál séu tæknileg mál og eðlilegt að framkvæmd þeirra sé í höndum aðila með sérfræðipækkingu á því sviði. Á hinn bóginn má benda á að þetta þýðir væntanlega að ekki verður lengur hægt að kæra ákvarðanir byggingafulltrúa til bygginganefndar heldur verði að skjóta málinu beint til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála sem þá mun þurfa að sinna mun fleiri málum en áður. ASÍ leggur áherslu á að fyrirbyggt verði að afnám bygginganefndanna grafi undan réttarstöðu almennings í skipulagsmálum.

Í frumvarpinu (2. mgr. 27. gr.) er gerð grein fyrir kröfum sem gerðar eru til þeirra aðila sem mega taka að sér byggingarstjórn þeirra mannvirkja sem falla undir 1. tölul. 4. mgr. 26. gr., þ.e. einföldustu gerð mannvirkja. Hvað þetta atriði varðar mælir ASÍ með því að opnað verði fyrir þann möguleika að stálvirkjasmíðir geti einnig fengið heimild til að taka að sér byggingarstjórn, ekki hvað síst við byggingu stálgrindarhúsa eða mannvirkja þar sem stálgrind er meginburðarvirki. Að öðru leyti mælist ASÍ eindregið til þess að ekki verði felldar út heimildir til handa ákveðnum hópum iðnaðarmanna, eins og t.d. vélvirkja, til að annast byggingarstjórn án þess að leitað verði eftir nánu samráði við fagfélög þeirra.


Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að málefni er varða lyftur til fólks- og vöruflutninga verði flutt frá Vinnueftirlitinu til nýrrar Byggingastofnunar. Í þessu sambandi tekur Alþýðusambandið undir umsögn Vinnueftirlitsins, sem lýsir sig mótfallið þessari breytingu. Rök Vinnueftirlitsins gegn því að flytja lyftumálefni til nýrrar Byggingastofnunar eru fagleg, efnisleg og fjárhagsleg, auk þess sem vísað er til fyrirkomulags þessara máli m.a. í Danmörku. M.a. er bent á að:

1. Stjórnsýsla þessara mála fellur vel að tæknilegum öryggismálum vinnustaða sem eru hjá stofnuninni. Í 3. gr. laga nr. 46/1980 með síðari breytingum er gert ráð fyrir að stofnunin geti haft slík verkefni með höndum. Staðgóð þekking er til staðar á þessum málum hjá stofnuninni og þarf að vera áfram vegna hliðstæðs búnaðar sem notaður er á vinnustöðum.
2. Eftirlit með lyftum og lyftubúnaði er í höndum eftirlitsumdæma Vinnueftirlitsins og er þar samþætt öðru vinnuvéla- og tækjaeftirliti. Utan höfuðborgarsvæðisins felast í því ákveðin samlegðaráhrif bæði fagleg og fjárhagsleg.
3. Skráning á lyftum og eftirliti með þeim er hjá Vinnueftirlitinu og er þar samþætt annarri tækja- og vinnuvélaskráningu. Hagkvæmt er að reka slíka skráningu í einu lagi.
4. Hafi stjórnvöld hug á að færa þetta eftirlit út á markað má með eðlilegri aðlögun gera það þó Vinnueftirlitið fari áfram með stjórnsýsluna. Slíkt hefur þegar verið gert hvað varðar úttekt á nýjum lyftum.
5. Vinnueftirlitið hefur haft gott samstarf við Brunamálastofnun, byggingafulltrúa og fleiri aðila sem að slíkum málum komu. Ekki er fyrirsjáanlegt annað en að það muni gilda um fyrirhugaða Byggingastofnun.

## Niðurstaða

Alþýðusamband Íslands vonast til þess að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem hér hefur verið komið á framfæri áður en frumvarpið verður samþykkt. Þetta á sérstaklega við um athugasemdir um skilyrði fyrir leyfisveitingum, opið ferli við gerð landsskipulagsáætlana, að ekki verði felldar út heimildir til handa ákveðnum hópum iðnaðarmanna til að annast byggingarstjórn án þess að leitað verði eftir nánu samráði við fagfélög þeirra og að tekið verði fullt tillit til athugasemda Vinnueftirlitsins um málefni er varða lyftur til fólks- og vöruflutninga.

Virðingarfyllst,



Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ